



Hvolsskóli

## Samfélagslegt verkefni í Tunguskógi

-Lokaskýrsla til Sprotasjóðs-





## *Upplýsingar um verkefnið*

**Nafn skóla:** Hvolsskóli

**Nafn verkefnisins:** Samfélagslegt verkefni nemenda Hvolsskóla um uppbyggingu útivistarsvæðis í Tunguskógi.

**Nafn verkefnisstjóra:** Jón Stefánsson

**Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:** UMS 117. 2017-2018.

## *Markmið verkefnis*

Markmið verkefnisins er margþætt og í umsókninni var því líst á eftirfarandi hátt: Hér er um að ræða stórt samfélagslegt verkefni þar sem nemendur fá fræðslu um og vinna að hönnun og skipulagi á landsvæði. Auk þess munu nemendur koma að allri vinnu, svo sem að smíða bekki, borð og leiktæki sem og koma að lagningu göngu/fræðslustíga, fræðslu og upplýsingaskilta. Markmið verkefnisins er sem sé að nemendur okkar fræðist um þá vinnu sem liggur að baki samfélagsverkefna sem þessa, þetta opni þeim sýn á aðrar víddir fyrir framtíðina og að þeir séu þátttakendur í verkefni sem samfélagið í heild kemur að. Kannski má segja í tengslum við þetta: Hvað ungur nemur, gamall temur þar sem margir koma að verkinu og miðla þekkingu og reynslu til nemenda.

## *Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum*

Til að ná markmiðunum hafa nemendur fengið fræðslu frá bygginga- og skipulagsembættinu en einnig hefur landslagsarkitekt komið og unnið með nemendum í umhverfisnefnd hálfan dag. Við höfum reglulega farið í skóginn þar sem nemendur hafa bæði fengið fræðslu, svo sem um fuglana þar sem og tekið til hendinni, lagað stíga, hreinsað til og gert brýr og húsgögn. Sveitarfélagið hefur unnið svæðið, það er sléttað það, sáð í það og hirt um það. Nemendur tóku þátt í því verkefni að mæla svæðið upp og undirbúa fyrir sléttun. Nú hafa nemendur einnig komið að því að skipuleggja svæðið með tilliti til þeirrar aðstöðu sem koma á upp þarna.

## *Frávik miðað við áætlun verkefnisins*

Hugur okkar stefndi að því að nú væri komið á staðinn salernis aðstaða og rennandi vatn. Því miður er það ekki komið upp. Það er aftur á móti það sem brýnast er að ljúka að svo komnu máli. Í vor stendur til að fara enn á ný með nemendur í skóginn að vinna og koma fyrir fleiri afþreyingar leiktækjum til að laða að börn og fullorðna.

## *Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnissins*

Tíminn hefur helst verið hindrun fyrir okkur, allt tekur tíma og allt þarf að fara réttar leiðir í gegnum kerfið. Það þarf að gera deiliskipulag og annað sem er tímafrekt.



**Helsti ávinningur af vinnunni við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

**Úr aðalnámskrá grunnskóla:**

*Nám í náttúrugreinum á að einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum. Nemendur þurfa að geta tekið þátt í mótun umhverfis síns með ýmsum leiðum. Fá tækifæri til að kanna, hanna og framkvæma hugmyndir í þágu samfélagsins og prófa leiðir til upplýsingaöflunar og úrvinnslu. Þeir þurfa að sjá að þeir geti kannað hið óþekkt, eftt eigin þekkingargrunn, greint samspil umhverfis síns og samfélags og öðlast getu til aðgerða... (bls. 168)*

Nemendur hafa verið jákvæðir við vinnuna, þeir hafa fengið að tilheyra og sjá afrakstur af vinnu sinni við mótun umhverfisins til frambúðar. Skemmtilegt hefur verið að sjá hve hugmyndaríkir nemendur hafa verið við hönnun á ýmsum leiktækjum og þrautabrautum sem þau hafa teiknað. Auðvitað hafa sumir hannað hluti sem nánast ógerlegt er að búa til nema með stórvirkum vélum, en allt hefur verið rætt málefnalega og oft þarf málamiðlun til að lokaafurðin sé framkvæmanleg. Við viljum sjá að þetta verkefni til framtíðar litið, eflir sköpunarkraft og auki útiveru og hreyfingu fjölskyldna í héraðinu.

**Úr aðalnámskrá grunnskóla:**

*Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á ápreifanlegan hátt sem hjálpar nemandanum að skilja merkingu hugtakanna. Kennarar eru hvattir til að nota efni úr nærumhverfi og nýta íslenska skóginn þar sem þess er kostur. Nemandinn öðlast einnig innsýn í heim tækninnar sem eykur skilning og eflir læsi hans á mangert umhverfi. (bls. 156)*

Við grisjun skógarins fellur til mikill efniviður til sköpunar og hafa krakkarnir hjálpað til við og tekið þátt í grisjuninni hver eftir sinni getu. Nemendur hafa notað skógarviðinn til að smíða útikennslustofu í námunda við skólann, sem er að langmestu leyti smíðuð úr okkar skógarviði, leiktæki sem og borð og bekki. Það rímar vel við að þau skila gróðurrikinu aftur trjáviðnum þegar þau gróðursetja trjáplöntur í skógræktarsvæði skólans við Þjófafoss. Einnig má geta þess að moltugerð skólans er á lokastigi og verður moltan notuð til enn frekari uppgræðslu. Allt spilar þetta saman og uppfyllir prýðilega markmið aðalnámskrár á þessum sviðum.





## Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

### Úr aðalnámskrá grunnskóla:

*Leggja ber áherslu á að nemendur öðlist sem dýpstan skilning á þeim fyrirbærum sem þeir fást við í námi sínu. Það er m.a. gert með því að leggja áherslu á frjótt, skapandi starf, verklega færni, nýsköpun og frumkvöðlanám þar sem hvatt er til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum og hagnýtingu í skólastarfi og daglegu lífi. (bls. 38)*

Verkefnið mun hafa áhrif á skólastarfið í heild. Okkur gefst tækifæri með þessu verkefni til að „læra með því að gera“ (learning by doing) – yfirfærum bóklega námið út í náttúruna og eflum enn frekar útinám okkar. Við erum auk þess að vera Grænánaskóli og Kötlu jarðvangsskóli einnig Heilsueflandi grunnskóli og mun þetta verkefni styðja við alla þessa þætti sem og efla samvinnu nemenda, bæði við hvert annað sem og við samfélagið í heild.

### Niðurstöður verkefnisins

Hvað niðurstöður varðar er verkefnið vissulega ekki eins langt komið og við hefðum vonast til en við höldum ótrauð áfram. Verkefnið lofar góðu og eflir umhverfisvitund nemenda sem og gefur þeim innsýn í hin ólíkustu störf og þeir eru farin að gera sér betur grein fyrir því starfi sem liggur að baki verkefna sem þessa, sem sé kynnast verkferlum og viðfangsefnum landslagsarkitekta og skiplagsferla. Nemendur hafa fengið ýmiskonar fræðslu nú þegar frá aðilum í samfélaginu sem lagt hafa verkefninu lið með því móti eins og fram hefur komið hér fram. Nemendur hafa tekið til hendinni og komið að verkinu á einn eða annan hátt, bæði hvað varðar skipulag og tiltekt/undirbúning á svæðinu. Svæðið er búið að undirbúa undir frekari vinnu og margir boltar á lofti. Nú þegar hefur nýting á svæðinu aukist, það er að segja að fólk úr samfélaginu er í auknum mæli farið að sækja þangað til útivistar, enda svæðið orðið umgengilegra og aðlaðandi að mörgu leiti. Fjölskyldur og vinahópar eyða þarna dagparti við göngur og útiveru.

### Kynning á verkefninu

Verkefnið á að kynna sveitarstjórnarfólki fljótlega, þann áfanga sem búið er að ná sem og óska eftir auknu liðsinni við að koma upp salernisaðstöðu svo hægt sé með góðu móti að vinna þarna áfram. Einn slíkur fundur var haldinn í upphafi verkefnisins. Umhverfisnefnd skólans sem skipuð er einum nemanda úr hverjum bekk sem og kennara af hverju stigi sér um að kynna verkefnið, hvernig það er statt og hver eru næstu skref, fyrir bekkjarfélögum. Reglulega er starfið kynnt á heimasíðum skólans og hefur þetta verkefni verið kynnt þar. Auk þess er verið að fara af stað með aukna kynningu á verkefnum sem tengjast umhverfismennt hjá okkur og verða þær birtar á heimasíðu skólans sem og kynntar nemendum í tímum. Þær kynningar verða í höndum nemenda að miklu leiti.



Hvolsskóli

Hvolsvelli, 10. september 2019

Birna Sigurðardóttir, skólastjóri

